

Fundargerð aðalfundar Foreldrafélags Dalvíkurskóla.

Fundur haldinn 21. September 2022 klukkan 20:00. 10 mættu á fundinn

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar

Freyr Antonsson sagði frá starfi félagsins á árinu. Stjórnina skipuðu: Freyr Antonsson formaður, Jolanta Brandt gjaldkeri Ragnildur Haraldsdóttir, Jóhanna Sólveig Hallgrímsdóttir, Ingimar Guðmundsson, Kristín Heiða Garðarsdóttir. Félagið rukkaði inn félagsgjöld í janúar til júní og borguðu 122 heimili árgjaldið.

Foreldrafélagið færði Dalvíkurskóla léttlestrarbækur á ensku í september 2021

Morgunverðarfundur Náum Áttum 13. Október 2021 um leiðir að félagsfærni og vellíðan barna í skólum.

Foreldrafélagið afhenti unglíngastigi mottur og púða 1. Nóvember 2021

Foreldrafélagið afhenti Lego til kennslu í nóvember 2021

Foreldrafélagið í samvinnu við Heimili og Skóli hélt fyrirlestur fyrir foreldra 16. Nóvember 2021

Stafrænt uppeldi – Fræðsla fyrir foreldra um uppeldi á tímum stafrænnar byltingar

Sigurður Sigurðsson, sérfræðingur SAFT í miðlanotkun barna

Foreldrafélag Dalvíkurskóla í samstarfi við SAFT (samfélag, fjölskylda og tækni)

Í erindinu var farið yfir notkun barna og unglínginga á netinu en stór hluti félagslífs barna fer nú fram á samfélagsmiðlum og öðrum netmiðlum. Einnig var rætt um helstu samfélagsmiðla og samskiptaleiðir barna og unglínginga við vini og ókunnuga, myndbirtingar, neteinelti o.fl. Farið var yfir hvernig best sé fyrir foreldra að ræða við börn um hegðun og öryggi á netinu en fjölmargir foreldrar eiga í vandræðum með það í nútíma samfélagi.

Fyrirlesturinn Hattar foreldrahlutverksins 26. Janúar 2022.

Skýrsla samþykkt.

2. Ársreikningur

Tekjur félagsins af félagsgjöldum voru 244.000 kr. og 19. september átti félagið 581.233 kr. á reikningi. Ákveðið var óbreytt árgjald 2.000 kr.

Reikningar samþykktir

3. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar.

4. Kosningar

Freyr Antonsson og Ragnildur Haraldsdóttir gáfu ekki kost á sér áfram og í þeirra stað var kosin Nimnual Khakhlong

Stjórnin er því skipuð eftirfarandi

Jolanta Brandt

Jóhanna Sólveig Hallgrímsdóttir

Ingimar Guðmundsson

Kristín Heiða Garðarsdóttir

Nimnual Khakhlong

5. Önnur mál

Aðalfundur samþykkir að gefa Dalvíkurskóla

Spil og leikföng

Útileikföng

Fundi slitið 21:00

Fundargerð ritaði Freyr Antonsson fráfarandi formaður